

**Nd.**

**457. Frumvarp til laga**

[214. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

**1. gr.**

Síðasti málsliður 3. málgr. 3. gr. laganna orðist svo:  
Aldrei kemur þó hærrí upphæð til frádráttar en 50000 kr.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, er heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjarráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti“. Vinni konan við eigin atvinnurekstur hjónanna, „eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna“. — En hér fylgir böggull skammrifi, því að „aldrei kemur þó hærrí upphæð til frádráttar en 15000 kr.“

Sú mismunun, sem hér á sér stað, er í eðli sínu hæpin að dómi flm. þessa frumvarps. Konan, sem vinnur við atvinnurekstur fjölskyldunnar, t. d. búskap, á vitanlega að njóta sama réttar við skattaálagningu og hin, sem starfar á öðrum vettvangi. Hér er þó eigi lagt til að nema brott hámarksákvæði laganna, heldur aðeins að hækka hina frádráttarbæru upphæð.